

Umsögn um frumvarp til kosningalaga

Almennt um frumvarpið:

Það er fagnaðarefni að verið er að koma kosningalögum í einn lagabálk og auka samræmi, það er verulega til hagræðingar að hafa þessi lög í einum lagabálk. Lögin eru þó almennt ítarlegri en vani er, en lagatexti er almennt mjög stuttur og hnitmiðaður, en texti laganna er nokkuð ítarlegur.

Þá er ánægjulegt að kjördagar hafa verið færðir frammar, en vont er að halda kosningar yfir sumartímann, þegar flestir eru í leyfum og því mjög jákvætt að færa forseta og sveitastjórnarkosningar, það auðveldar yfirkjörstjórn að útvega starfsfólk, auk þess sem fleiri mæta þá á kjörstað og því ekki sama álag af utankjörfundaratkvæðum og þegar kosið er að sumri til.

Þá er jafnframt til mikilla bóta að kjörskrá verði rafræn, en það einfaldar framkvæmd kosninganna. Þó er ljóst að sannreyna verður að netþjónar þoli það álag sem fylgir því að kosningaþáttaka verði skráð inn í rafræna kjörskrá jafnóðum, enda ljóst að ef netþjónar þola ekki álagið af kosningunum verður framkvæmd kosninganna verulega erfið og hætta eykst á mistökum ef vinna þarf með bæði rafræna kjörskrá og svo prentaða. Fyrirséður er þó kostnaðarauki hjá sveitarfélögum við að útvega tölvur inn í hverja kjördeild, en á Akureyri t.a.m. eru jafnan 12 kjördeildir. Það er einnig til mikilla bóta að með rafrænni kjörskrá þá er nóg að merkja við kjósanda og þarf ekki að merkja við hvort um karl eða konu sé að ræða, þar sem það er þegar skráð í kerfið, en það hefur valdið vandræðum að þurfa að merkja við kyn, þegar slíkt er ekki augljóst og hefur oft tafið framkvæmd kosninga ef misræmi er varðandi fjölda karla og kvenna sem hafa kosið í kjördeild. Þá er einnig kostur að þurfa ekki að halda stíft bókhald yfr notaða og ónotaða kjörseðla.

Það er einnig fagnaðarefni að hverjum kjósanda verði aðeins heimilt að kjósa einu sinni, þ.e. að kjósandi geti ekki kosið utankjörfundar og mætt svo á kjörstað eða skilað inn fleiri en einu atkvæði utankjörfundar. Þessi breyting gerir það að verkum að unnt verður að vinna utankjörfundaratkvæði mun fyrr og nýta tíma ef rólegt er á kjörstað til að fara yfir utankjörfundaratkvæði. Í núverandi lagaumhverfi, þar sem kjósanda er heimilt að mæta á kjörstað þrátt fyrir að hafa kosið utankjörfundar, þá er ekki unnt að fara yfir utankjörfundaratkvæði og setja þau í atkvæðakassa fyrr en eftir lokun kjörstaða, sem hefur orðið til þess að sumar kjördeildir hafa ekki náð að gera upp fyrr en nokkrum klukkustundum eftir lokun kjörstaða. Það er jafnframt fagnaðarefni að til standi að loka kjörstöðum kl. 21 í stað kl. 22. Ákvæði varðandi opnun utankjörfundarstaða til kl. 17 þykir þó varhugaverð, þar sem skammur tími gefst þá til þess að koma atkvæði til talningar, það sama á við utankjörfundi erlendis sem verða opnir þar til degi fyrir kosningar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins:

Athugasemdir við 34. gr. frumvarpsins:

Í greinargerð með greininni segir að kjósendum sé heimilt að greiða atkvæði í hvaða kjördeild sem er innan kjördæmisins. Það er fagnaðarefni að það þurfi ekki að gera þetta með sama hætti og áður þ.e. með því að kjósandi fylli út eyðublað um flutning, kjörstjórn hefur svo samband við þann kjörstað er hann er skráður í og fái staðfest að hann hafi ekki kosið og hann þá strikaður út af kjörskrá þar og fluttur á kjörskrá þar sem hann hyggst kjósa, enda var það mjög seinlegt ferli og ljóst að mun einfaldara og fljótlegra verður að flytja kjósendur á milli ef lögin verða samþykkt í núverandi mynd. Það vekur þó upp spurningar um hvernig eigi að stemma af kjördeildir í lok kjördags, þegar ekki er haldið sérstaklega utan um þá sem flytja sig á milli kjördeilda eða kjörstaða.

Athugasemdir við 3. mgr. 53. gr. frumvarpsins:

Í 3. mgr. 53. gr. frumvarpsins segir að umboðsmenn lista eigi rétt á að tilnefna aðstoðarmenn sem koma fram fyrir hönd þeirra við framkvæmd kosninga. Ekki er þó tiltekið um neinar takmarkanir á því hversu marga aðstoðarmenn hver umboðsmaður getur haft. Rétt þykir að setja eðlileg takmörk á það hversu margir geta sinnt starfi sem aðstoðarmenn umboðsmanna.

Athugasemdir við 55. gr. frumvarpsins:

Í 1. mgr. 55. gr. frumvarpsins segir að umboðsmenn lista eigi rétt á að vera viðstaddir atkvæðagreiðslu á kjörfundi og sitja við borð í kjörfundarstofunni. Þetta er nýmæli sem virðist ekki hafa verið hugsað til enda. Í fyrsta lagi, er eðlilegt að takmarka fjölda þann sem er í kjörfundarstofu hverju sinni, þar sem mikill fjöldi fólks í kjörfundarstofu getur truflað starfsfólk og framkvæmd kosninganna. Þar að auki getur það verið truflandi fyrir kjósenda að fjöldi manns sé viðstaddur er þeir greiða atkvæði sitt, þó það sé í einrúmi. Í öðru lagi er ekki alltaf pláss í kjörfundarstofu fyrir fjöldann allan af umboðsmönnum, en ljóst er að framboð eru oft á bilinu 7-12 og hverju framboði fylgja tveir umboðsmenn og skv. 3. mgr. geta umboðsmenn jafnframt haft aðstoðarmenn og engin takmörk sett á fjölda þeirra. Samkvæmt ákvæðinu gæti því fjöldi manns gert kröfu um sæti við borð í kjörfundarstofu, en ekki er alltaf pláss fyrir slíkt. Þá er óljóst hvað átt er við með „borð í kjörfundarstofu“ er þar átt við borð í stofunni, eða er þar átt við það borð sem undirkjörstjórn situr við?

Eðlilegt er að umboðsmenn geti litið inn í kjörfundarstofur og fylgst með framkvæmd kosninga, en eðlilegt er að takmarka þann fjölda sem þar er hverju sinni og tryggja góðan starfsfrið. Ljóst er að miklum fjölda fylgir truflun, sem ekki er ásættanlegt fyrir starfsfólk sem vinnur langan vinnudag við mikla nákvæmnisvinnu og þarfnast þess að þar sé góður starfsfriður. Rétt þykir því að bæta við 1. mgr. þannig að hún hljóði svo: Umboðsmenn lista eiga rétt á að vera viðstaddir atkvæðagreiðslu á kjörfundi og sitja við borð í kjörfundarstofu **að fengnu leyfi frá yfirkjörstjórn**. Þá getur yfirkjörstjórn stjórnað fjölda þeirra umboðsmanna sem fengju að sitja inni í kjörfundarstofu hverju sinni með vísan til framangreinds.

Framsetning ákvæðisins í núverandi myns hljómar eins og umboðsmenn eigi skýlausan rétt til þess að sitja við borð í kjörfundarstofunni, en er komið er aftur í lögin þá er ljóst skv. 1. msl. 2. mgr. 82. gr. að yfirkjörstjórn hefur heimild til þess að takmarka þann fjölda sem er í kjörfundarstofu, sem er í samræmi við núgildandi löggjöf, en rétt þykir til þess að valda ekki misskilningi að efni 1. msl. 2. mgr. 82. gr. verði 2. mgr. 55. gr.

Athugasemdir við 56. gr. frumvarpsins:

Hvað varðar rétt umboðsmanna til þess að setja innsigli sín á atkvæðakassa, þá þykir rétt að kveðið sé sérstaklega á um það hvaða skilyrði umrædd innsigli þurfa að uppfylla, s.s. varðandi útlit og annað. Þá er ljóst að ef öll framboð ætla að nýta sér þetta þá verða kjörkassarnir útlímdir, þá geta umboðsmenn jafnframt auðkennt tiltekna atkvæðakassa með innsiglium sínum og þannig fylgst með því hvernig kosning fer eftir kjördeildum, sem er í andstöðu við anda laganna.

Athugasemdir við 68. gr. frumvarpsins:

Það er fagnaðarefni að utankjörfundaratkvæðagreiðsla hefjist ekki fyrr en framboðslistar liggja fyrir. Hins vegar er gerð athugasemd við það að kosning utankjörfundar skuli standa a.m.k. til kl. 17 á kjördag, enda ljóst að kjósandi getur kosið á hvaða kjörstað sem er innan kjördæmisins, skv. 34. gr. frumvarpsins, þá er jafnframt ljóst að örðugt verður að koma atkvæðum á milli kjördæma þegar kosið er svo seint á kjördag og því væri æskilegra að utankjörfundaratkvæðagreiðslum væri fremur lokað fyrr á kjördag. Hvað varðar utankjörfundaratkvæðagreiðslur erlendis er jafnframt ljóst að þó svo að utankjörfundaratkvæðagreiðslum þar sé lokið daginn fyrir kjördag, þá er ekki ljóst að unnt verði að koma atkvæðum til talningar í tæka tíð og því líkur til þess að atkvæðið verði talið með, nema ætlast sé til þess að beðið verði með talningu þar til öll atkvæði hafa skilað sér.

Þá vantar nánari skýringar á því hvernig rafræna kjörskráin virkar þar sem kjósandi getur aðeins greitt atkvæði einu sinni. Ef kjósandi kys utankjörfundar er þá merkt í kjörskrá að kjósandi hafi greitt atkvæði, en hvernig kemur það þá til þegar atkvæði berst til undirkjörstjórnar þarf undirkjörstjórn þá að staðfesta móttöku atkvæðisins áður en það er sett í atkvæðakassa, eða er ekki eftirlit með því hvort greitt atkvæði skili sér í talningu? Ef undirkjörstjórn þarf ekki að staðfesta að atkvæði sé móttakið þá eru töluverðar líkur á skekkjum við uppgjör kjördeilda þar sem ekki er víst að öll atkvæði berist á kjörstað. Þá þarf jafnframt að skoða að í ljósi þess að kjósandi getur kosið á hvaða kjörstað sem er innan kjördæmisins, er þá nóg að utankjörfundaratkvæði berist á einhvern kjörstað innan kjördæmisins, en það kemur ekki skýrt fram í frumvarpinu.

Athugasemdir við 82. gr. frumvarpsins:

Í frumvarpinu segir í 1. mgr. 82. gr. að kjósandi skuli vera einn í kjörklefanum, sbr. þó 90. gr. Þarna vantar þó að taka mið af því þegar kjósandi mætir á kjörstað með ungabarn eða barn sem

af öðrum ástæðum getur ekki verið eitt á meðan kjósandi greiðir atkvæði sitt. Ef engin undanþága er veitt í slíkum tilfellum, þá er ljóst að færri munu sjá sér fært að mæta á kjörstað.

Það kemur nokkuð oft fyrir að foreldrar hafi börn sín með sér á kjörstað. Ástæðurnar geta verið margvíslegar. Nefna má þessar:

1. Kjósandinn þarf að velja á milli að koma á kjörstað með börnin/barnið eða vera heima og gæta þess/þeirra og kjósa ekki.
2. Kjósandinn telur það vera hluti af skyldum sínum sem foreldris að kynna barni sínum hvernig kosning fer fram og venja það við að þátttaka í kosningum er sjálfsögð.
3. Barnið hefur viljað fara með.

Rétt þykir að foreldrar geti tekið börn sín með sér inn í kjördeild og ef barnið getur beðið eitt utan við kjörklefa skuli foreldrið eitt fara inn í kjörklefa og greiða atkvæði sitt, en ef barnið getur ekki beðið eitt fyrir utan kjörklefa á meðan foreldri greiðir atkvæði sitt, þá skuli því vera heimilt að taka barnið með inn í kjörklefanum. Enda ljóst að við þessar aðstæður séu barn og foreldri eitt, enda hafi foreldrið lögráð og umönnunarskyldur gagnvart barninu. Því sé í raun kosið í einrúmi í skilningi kosningalaga. Ljóst er hvor aðilinn er minnimáttar. Enginn hætta er á að barn, sem er svo ungt og/eða óþroskað að ekki er hægt að skilja það eftir aleitt skamma stund frammi í kjördeild, hafi ótilhlýðileg áhrif á hvað foreldrið kys eða það skipti máli fyrir kosningaleynd, að það sé inni í kjörklefanum.

Ekki fæst séð að kosningaleynd eða öðrum hagsmunum sé að nokkru leyti hætt með þessari framkvæmd. Að öðrum kosti myndi kjörstjórn þurfa að vísa kosningabærum kjósenda frá einungis vegna þess að hann getur ekki skilist við barnið á meðan hann kys. Þessi niðurstaða styðst við sanngirnirök og skynsemi.

Athugasemdir við 92. gr. frumvarpsins:

Það er fagnaðarefni að það standi til að loka kjörstöðum kl. 21:00, enda almennt rólegt undir lok kjördags og gott að geta byrjað talningu fyrr og þar með vonandi stytta vinnudag kjörstjórna um klukkustund.

Athugasemdir við 100. gr. frumvarpsins:

Rétt þykir að endurskoða efni þessa ákvæðis, þar sem það á að vera á ábyrgð hvers framboðs að senda umboðsmenn en ekki á ábyrgð kjörstjórnar að tryggja hverju framboði umboðsmann við talningu.

Virðingarfyllst,

Kjörstjórn Akureyrar;

Helga Eymundsdóttir, Júlí Ósk Antonsdóttir og Jón Stefán Hjaltalín